



Grunnskóli Fjallabyggðar og Menntaskólinn á Tröllaskaga  
gera með sér eftirfarandi samning:

Í samræmi við aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla munu skólarnir leitast við að efla samstarf í tengslum við samfellu skólastiga<sup>1</sup>.

Felst samstarfið í því að:

- Nemendur Grunnskóla Fjallabyggðar sem hafa lokið námsmarkmiðum grunnskóla í tiltekinni kennslugrein geta sótt um nám í Menntaskólanum á Tröllaskaga í þeirri grein.
- Ábyrgð á mætingum, námsmati, námi og kennslu í þeim kennslugreinum er nemandi grunnskólans stundar í Menntaskólanum á Tröllaskaga er hjá menntaskólanum en Grunnskóli Fjallabyggðar ber ábyrgð á nemandanum að öllu öðru leyti.
- Vitnisburður nemandans í menntaskólanum er skráður í Innu, skráningakerfi framhaldsskóla. Að fengnu samþykki nemanda og forráðamanns er vitnisburður nemanda sendur frá Menntaskólanum á Tröllaskaga til Grunnskóla Fjallabyggðar.
- Unnið verður sérstaklega að verkefni er tengist skólaskilum með áherslu á nemendur sem eiga stirt um nám.
- Nemandinn fær umsjónarkennara í Menntaskólanum á Tröllaskaga sem hefur það hlutverk að styðja nemandann í námi sínu við skólann.
- Próa samstarfið áfram í samræmi við fræðslustefnu Fjallabyggðar

Ólafsfirði 23. maí 2018

Grunnskóli Fjallabyggðar

  
Skólastjóri

Menntaskólinn á Tröllaskaga

  
Skólameistari

<sup>1</sup> Sjá nánar í gildandi aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla.